

Viðtakandi: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra

Sendandi: Stella Samúelsdóttir formaður þróunarsamvinnunefndar

Dagsetning: 16. júní 2026

Efni: Fundur þróunarsamvinnunefndar 8. maí 2026

Kæra Þorgerður Katrín,

Umræðuefni fundarins voru þríþætt að þessu sinni; í fyrsta lagi loftslags- og orkumál í þróunarsamvinnu ásamt fjármögnun loftslagsaðgerða. Því næst voru það umhverfismál í þróunarsamvinnu. Síðast en ekki síst var rætt um stuðning utanríkisráðuneytisins við háskólasamfélagið.

Mikilvæg umræða skapaðist um loftslags- og umhverfismál og þá sérstaklega þann fjölda mikilvægra verkefna og áherslusviða sem ráðuneytið sinnir og hvernig verkefni eru valin. Einnig kom í ljós takmarkandi áhrif þess að Ísland geti haft áhrif á stefnumótun í þessum málaflokkum og umhverfismálum þá sérstaklega, þar sem miðstöð UNEP er í Nairóbí og Ísland eitt Norðurlandanna sem ekki heldur úti sendiráði þar. Á sama tíma hefur vægi Nairóbí aukist sem mikilvægrar miðstöðvar stofnana SP, sem margar hverjar eru að flytja starfsemi sína þangað, bæði til að lækka kostnað en einnig til að vera nær þeim verkefnum sem þær eiga að sinna. **Formaður telur mikilvægt að huga að þessari staðsetningu í framtíðinni ef til þess kemur að fjölga löndum Íslands í þróunarsamvinnu, með það í huga að hafa áhrif í tví- og marghliða þróunarsamvinnu. Nairóbí er einn mikilvægasti miðpunktur alþjóðlegra samskipta innan Afríku, þar fer fram alþjóðleg stefnumótun í mörgum málaflokkum sem skipta Ísland máli, ásamt svæðisbundnu pólitísku samstarfi.**

Ábending kom um að styrkja sérstaklega þátttöku barna og ungmenna á sviði loftslagsmála þar sem mörg ungmenni brenni fyrir loftslagsmálum. Var þeirri ábendingu vel tekið og verður leitast við að efla þátttöku barna og ungmenna í málsvastarfi tengdu ríkjaráðstefnum samkvæmt svörum skrifstofustjóra þróunarsamvinnuskrifstofu.

Að lokum áréttaði fundarfólk hversu mikilvægt væri að rækta samstarf við fræðasamfélagið og hvernig mörg verkefni í gegnum tíðina hafa byggst upp í góðu samstarfi við háskóla á vettvangi í samstarfslöndum Íslands. Rétt er að undirstrika mikilvægi þess að veita starfsnemunum tækifæri til að læra og styðja við starfið eins og hefur verið gert í gegnum tvíhliða og marghliða þróunarsamvinnu, **en formaður vill benda sérstaklega á að beina mætti sjónum að efla starf háskólanema hjá félagasamtökum svo nemendur öðlist dýpri þekkingu á málaflokknum meðfram námi eða eftir að námi lýkur. Þess háttar færniuppbygging er útbreidd á meðal margra OECD ríkja og þá sérstaklega í Evrópu og styður gagnkvæman lærdóm.** Það skiptir gríðarlegu máli að íslenskt samfélag byggi upp þekkingu, hæfni, getu og skilning á mikilvægi þróunarsamvinnu til að geta tekist á við áskoranir framtíðar.

Með vinsemd og virðingu,



Stella Samúelsdóttir,
formaður þróunarsamvinnunefndar